

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 14. nóvember 2022 kl. 15.00 2022

Mættir: Magnús Elfar Thorlacius foreldrafulltrúi, Hrönn Guðfinnsdóttir kennarafulltrúi, Óliver Þór Stefánsson 9.b, Rúnar Gauti Gíslason 9.b, Sigrún Huld Pálmarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð skólaráðsmenn velkomna til fundar og sérstaklega þá sem nýir eru í ráðinu. Gengið til dagskrár.

1. Handbók skólaráðs

Skólaráð er samráðsvettvangur skólasamfélagsins og skólastjóra um skólahlald. Helstu verkefni: starfsáætlun skólans, stefnumótun, áætlanir, skólareglur og fleira, Meiriháttar breytingar í skólanum. Öryggi og almenn velferð nemenda.

2. Fundartímar í vetur

Skólastjóri leggur til að fundartímar ráðsins verði eftirtalda mánudaga kl. 15:00. Fyrsti fundur ráðsins er í dag 14. nóvember, næsti 16. janúar 2023 svo 27. mars 2023, 24. apríl 2023 og opinn fundur 30. maí 2023

3. Starfsáætlun skólaárs 2022-2023

Skólastjóri kynnti starfsáætlun skólaársins sem er að finna á heimasíðu skólans. Farið var yfir starfsáætlunina í stórum dráttum. Vinna að nýrri skólastefnu sveitarfélagsins er hafin, gengur vel. Nemendaping verður næsta föstudag 18. nóvember og sextugasta afmælisári skólans verður minnst 27. mars nk.

4. Skólareglur

Síðasta vor lauk endurskoðun á skólareglum. Litlar breytingar voru gerðar og hefur endurskoðun á símareglum hlotið meiri umræður því þeim þarf að fylgja mjög vel eftir.

5. Önnur mál

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari